

BREYTINGAR Á EFNISTÖKUSVÆÐUM VEGNA 1. ÁFANGA NORÐAUSTURVEGAR TIL VOPNAFJARÐAR

Ákvörðun um matsskyldu

NIÐURSTAÐA

Það er niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhugaðar breytingar á staðsetningu efnistökusvæða vegna 1. áfanga Norðausturvegar til Vopnafjarðar séu ekki líklegar til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háðar mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdirnar eru háðar framkvæmdaleyfi Vopnafjarðarhrepps, skv. skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 m.s.b. Sveitarstjórn þarf að leita meðmæla Skipulagsstofnunar skv. 3. Tölulíð bráðabirgðaákvæða skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 áður en framkvæmdaleyfi er veitt, þar sem staðfest aðalskipulag af framkvæmdasvæðinu er ekki til.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að Vegagerðin og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun og mótvægisáðgerðir sem kynnt hafa verið við meðferð málsins þannig að framkvæmdin sé ekki líkleg til að valda verulegum og óafturkræfum áhrifum á umhverfið.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 6. desember 2007.

5. nóvember 2007

INNGANGUR

Þann 25. september 2007 tilkynnti Vegagerðin breytingar á staðsetningu þriggja efnistökusvæða vegna 1. áfanga Norðausturvegar til Vopnafjarðar samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. og lið 13a í 2. viðauka laganna. Um er að ræða breytingar frá því sem gert var ráð fyrir í matsskýrslu Vegagerðarinnar um Norðausturveg til Vopnafjarðar dags. í maí 2007 og Skipulagsstofnun gaf álit um, dags. 13. júlí 2007.

Með tilkynningunni fylgdi umsögn Umhverfisstofnunar dags. 24. september 2007 en Skipulagsstofnun leitaði jafnframt álits Vopnafjarðarhrepps sem barst með tölvupósti 1. nóvember 2007.

FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARADILA

Fyrirhuguð framkvæmd. Í framlögðum gögnum Vegagerðarinnar kemur fram að við efnisrannsóknir jarðfræðings hjá Vegagerðinni vegna fyrsta áfanga Norðausturvegar til Vopnafjarðar hafi komið í ljós að nokkrar tilfærslur á námum hafi verið nauðsynlegar til að draga úr jarðraski, færa námur nær vegsvæði og fella þær betur að landslagi. Breytingarnar felu einnig í sér að engin efnistaka verði úr áreyrum Hofsár. Fram kemur að gert sé ráð fyrir að staðsetning fyllingarefnisnámu, sem auðkennd sé B6 í matsskýrslu, verði nokkru austar og sunnar og burðarlagnámur B2 og B3 verði nokkuð norðar, en gert hafi verið ráð fyrir í skýrslunni. Leggja þurfi vegslóða að námu 3 ef til efnistöku komi en ef í ljós komi að gæði bergs í námu B2 verði nægileg þá verði ekki ráðist í efnistöku á svæði B3. Þá kemur fram að gert sé ráð fyrir um 850 m löngum vegslóða að námu B4 sem ekki hafi verið gert ráð fyrir í matsskýrslu. Vegslóðinn fylgi gömlum vegslóða á helmingi leiðarinnar en að öðru leyti verði hann lagður um ógróið jökulruðningslandslag.

ÁLIT UMSAGNARADILA OG VIÐBRÖGÐ FRAMKVÆMDARADILA

Í umsögn Vopnafjarðarhrepps kemur fram það álit að fyrirhugaðar breytingar séu mjög til bóta af þeirri ástæðu að þá verði ekki fallegum áreyrum við Hofsá raskað. Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að eftir vettvangskonunnun sé það álit stofnunarinnar að fyrirhugaðar breytingar séu til bóta þar sem jarðrask utan vegsvæðis verði mun minna. Í umsögninni er bent á að æskilegt sé að takmarka rask og draga úr sjónrænum áhrifum með því að vinna efni fyrir burðarlag úr námu B2 en ef nauðsynlegt reynist að taka einnig efni úr námu B3 þurfi að vanda vel til lagningar vegslóða að námunni.

NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Um er að ræða breytingar á staðsetningu þriggja efnistökusvæða vegna 1. áfanga Norðausturvegar til Vopnafjarðar og lagningu tveggja vegslóða. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 13a í 2. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b.

Fyrir liggur að með fyrirhuguðum breytingum verður hætt við efnistöku á áreyrum Hofsár og það álit Umhverfisstofnunar og Vopnafjarðarhrepps að breytingarnar verði til bóta. Skipulagsstofnun telur að fyrirhuguð færsla náma B-2 og B-3 muni ekki hafa veruleg áhrif á landslag eða gróður en tekur undir með Umhverfisstofnun að reynist

nauðsynlegt að taka efni úr námu B3 þurfi að vanda vel til lagningar vegslóða að námunni til þess draga úr sjónrænum áhrifum. Þá telur stofnunin að lagning vegslóða um gróðurlaust svæði að námu B4 muni ekki hafa veruleg sjónræn áhrif.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu Vegagerðarinnar við tilkynningu og umsagnir. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhugaðar breytingar á staðsetningu efnistökusvæða vegna 1. áfanga Norðausturvegar til Vopnafjarðar séu ekki líklegar til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háðar mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdirnar eru háðar framkvæmdaleyfi Vopnafjarðarhrepps, skv. skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 m.s.b. Sveitarstjórn þarf að leita meðmæla Skipulagsstofnunar skv. 3. Tölulíð bráðabirgðaákvæða skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 áður en framkvæmdaleyfi er veitt, þar sem staðfest aðalskipulag af framkvæmdasvæðinu er ekki til.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að Vegagerðin og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun og mótvægisáðgerðir sem kynnt hafa verið við meðferð málsins þannig að framkvæmdin sé ekki líkleg til að valda verulegum og óafturkræfum áhrifum á umhverfið.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 6. desember 2007.

Þóroddur F. Þóroddsson

Jakob Gunnarsson